



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Vt. efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Ó.G. 30.10.2020

Tilvísun: 2020040004

Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, með síðari breytingum, sem fram er lagt á 151. löggjafarþingi 2020 – 2021, sbr. þingskjal 3 - 3. mál.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur með tölvupósti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis verið send til umsagnar ofangreind tillaga til breytinga á ákvæðum laga um tekjuskatt nr. 90/2003, með síðari breytingum, er varðar milliverðlagningu samkvæmt 57. gr. laganna.

Skattrannsóknarstjóri vísar til fyrri umsagnar sinnar, dags. 30. mars 2020, um frumvarp sama efnis sem lagt var fram á löggjafarþingi 2019-2020, sbr. þingskjal 973 – 594. mál, og ítrekar þær athugasemdir sem þar eru gerðar. Er afstaða skattrannsóknarstjóra óbreytt frá því sem þar kemur fram. Þá fellst skattrannsóknarstjóri ekki á að þær athugasemdir varðandi afstöðu embættisins til umræddra breytinga, sem gerðar eru í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. júní 2020, hnekki réttmæti þeirra sjónarmiða er fram koma í umsögninni frá 30. mars sl. Bendir skattrannsóknarstjóri á eftirfarandi:

- Skattrannsóknarstjóri telur að núgildandi sektarheimildir 109. gr. tekjuskattslaganna nái þeim tilgangi að knýja fram upplýsingaskil í því sambandi sem um ræðir. Þar sem engu tilviki er varðar vanhöld á skilum upplýsinga samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 57. gr. tekjuskattlaganna hefur verið vísað til meðferðar hjá skattrannsóknarstjóra er vandséð hvað liggja til grundvallar þeirri ályktun að núgildandi ákvæði séu ekki fullnægjandi. Reynsla er hins vegar fyrir því frá liðnum árum að til að knýja á um skil t.d. hlunnindamiða hafði vísun mála til skattrannsóknarstjóra mjög skilvirk áhrif. Þá verður ekki séð að skjölunarskylda sú sem um ræðir skilji sig svo frá margvíslegum öðrum skyldum til gagnaskila í tengslum við skattálagningu að þörf sé sérstakra úrræða vegna hennar.
- Nýverið hefur lögum verið breytt þannig ríkisskattstjóri skal ekki beita álagi við endurákvæðanir sem grundvallast á rannsóknnum skattrannsóknarstjóra. Var þetta gert til að koma í veg fyrir að brotið sé gegn banni við endurtekinni málsmeðferð, sbr. ákvæði 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu. Er í ljósi þessa nærtækt að sami vandi og þarna var við brugðist geti komið upp ef ríkisskattstjóra verður fengin heimild til að leggja á fjársektir.



- Skírskotun til sektarheimilda í ársreikningalögum og fleiri tilgreindum lögum getur ekki sýnt fram á að sú nýbreytni sem til er lögð sé á grænni grein gagnvart umræddu ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu þar sem sektir vegna skila ársreikninga til opinberrar birtingar, peningaþvættisbrota sbr. lög nr. 140/2018, og upplýsingagjafar um raunverulega eigendur, sbr. lög nr. 82/2019, varða ekki brot sem eru þáttur í skattalagabrotum. Vanræksla skjölunarskyldu samkvæmt 5. mgr. 57. gr. tekjuskattlaganna getur hins vegar verið þáttur í skattalagabrotum. Á þessu er því reginmunur.
- Eins og fram kemur í minnisblaði ráðuneytisins er unnið að tillögum varðandi tilhögun og umgerð viðvirkjandi skattalagabrotum. Telur skattrannsóknarstjóri ekki rétta tímann núna að auka við nýjum tilbrigðum stjórnvaldsviðurlaga meðan sú vinna stendur yfir þar eð allar forsendur kunna að taka grundvallarbreytingum ef væntanlegar tillögur ná fram að ganga.
- Burtséð frá öðru telur skattrannsóknarstjóri að slíkt nýmæli sem til er lagt með frumvarpinu kalli á víðtækari og heildstæðari umfjöllun og undirbúning en um hefur rætt við gerð hins fyrirliggjandi frumvarps.

Ef allt að einu verður talið álitlegt að leiða í lög þá nýbreytni sem til er lögð með frumvarpinu ítrekar skattrannsóknarstjóri fyrri ábendingar um að óheppilegt sé að viðurlagaákvæði séu sett inn í einstaka efnisgrein tekjuskattlaganna nr. 90/2003 með þeim hætti sem um ráð er fyrir gert í fyrirliggjandi frumvarpi. Er það í ósamræmi við uppbyggingu laganna þar sem kveðið er á um viðurlög og málsmeðferð í sérstökum kafla; þ.e. XII. kafla. Jafnframt ítrekar skattrannsóknarstjóri í þessu sambandi þær ábendingar varðandi orðalag sem fram eru settar í lokaorðum framangreindrar umsagnar embættisins, dags. 30. mars sl.

Virðingarfyllst
f.h. skattrannsóknarstjóra ríkisins


Theodóra Emilsdóttir


Ólafur Guðmundsson